

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

13. ágúst 2008

### Umsögn Skipulagsstofnunar vegna nefndarálita um nokkur lagafrumvörp.

Vísað er til erindis umhverfisnefndar, dags. 7. júlí 2008, þar sem þess er óskað að Skipulagsstofnun veiti umsögn sína um drög að nefndarálitum umhverfisnefndar vegna frumvarps til skipulagsmála, 374. mál., frumvarps til laga um mannvirki, 375. mál., og frumvarps til laga um breytingu á lögum um brunavanir, 376. mál. Skipulagsstofnun gerir engar athugasemdir vegna nefndarálita um tvö hin síðarnefndu frumvörpin, en gerir eftirfarandi athugasemd vegna frumvarps til skipulagslaga:

Skipulagsstofnun leggur til að ákvæði gildandi laga um bæja- og húsakönnun fari ekki óbreytt inn í ný lög heldur orðist svo:

*Þegar unnið er deiliskipulag í þegar byggðu hverfi skal lagt mat á varðveislugildi svipmóts byggðar og einstakra bygginga sem fyrir eru, með gerð húsakönnunar.*  
eða

*Þegar unnið er deiliskipulag í þegar byggðu hverfi skal gerð húsakönnun til að leggja til grundvallar mati á varðveislugildi svipmóts byggðar og einstakra bygginga og sem höfð skal til hliðsjónar við gerð tillögunnar.*

Tilgangur húsakönnunar er að tekið sé tillit til menningararfsins við gerð deiliskipulags, hvort heldur um er að ræða einstök hús eða yfirbragð hlutaðeigandi byggðar. Með þessu orðalagi er tilgangur húsakönnunar skýrari en fram kemur í 5. mgr. 23. gr. núgildandi skipulags- og byggingarlaga, þ.e. að húsakönnun er til að undirbyggja deiliskipulagsskilmála um þau hús og byggð sem fyrir er á skipulagssvæðinu, s.s. hvaða hús skuli varðveita, í hverju varðveislugildið felst svo ákveða megi í deiliskipulagsskilmálum hvers konar framkvæmdir eru heimilar með hliðsjón af framangreindu mati.

Í skipulagsreglugerð má síðan skýra nánar hvað felst í húsakönnun.

Greinargerð umhverfisnefndar með breytingartillögu á 37. gr. lagafrumvarpsins má túlka sem svo að við gerð deiliskipulags skuli vinna bæja- og húsakönnun sem að jafnaði nái til alls sveitarfélagsins, þó aðeins sé um deiliskipulag afmarkaðs svæðis að ræða. Þannig gæti deiliskipulag á þegar byggðu hafnarsvæði á Reyðarfirði kallað á bæja- og húsakönnun fyrir alla Fjarðarbyggð. Það sama á við um deiliskipulag reits milli gatna í Hlíðahverfi í Reykjavík. Betur á við að vinna heildstæða bæja- og húsakönnun, sem nær til heils sveitarfélags, í tengslum við gerð aðalskipulags, s.s. vegna mótunar almennrar stefnu um húsvernd og svipmót byggðar.

Þorvaldur Heiðar Þorsteinsson